

Svo sem fram kemur af gögnum málsins, hefur gagnstefnandi viðurkennt kröfu aðalstefnanda í aðalsökinni, sem verður því tekin til greina með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra frá 1. janúar 1965 til 1. janúar 1966 ákveðst 6 af hundraði. Í þeirri sök ber að dæma gagnstefnanda til að greiða málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Skaftasyni viðskiptafræðingi og Hafsteini Bergþórssyni, fyrrverandi forstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Guðmundur Albertsson og Hörður Albertsson vegna firmans G. Albertsson, aðalstefnanda, Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, kr. 85.579.97 með 7% ársvöxtum frá 1. júní 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Í gagnsök á aðalstefnandi að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 22/1969. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Sigrúnu Jónsdóttur

(Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa komið fyrir sakadóm og borið vætti Bertram Henry Möller lögreglumaður, er hand-

tók ákærðu, og Arnþór Ingólfsson lögregluvarðstjóri, sem framkvæmdi rannsókn á máli hennar. Koma skýrslur lögreglumannanna heim við atvikalýsingu héraðsdóms. Samkvæmt þessu og forsendum nefnds dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að svipta ber ákærðu ökuleyfi ævilangt.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærða, Sigrún Jónsdóttir, er svipt ökuleyfi ævilangt. Að öðru leyti er héraðsdómurinn staðfestur.

Ákærða greiði kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Rannveigar Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1968.

Ár 1968, þriðjudaginn 19. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómarar kveðinn upp dómur í málinu nr. 504/1968: Ákæruvaldið gegn Sigrúnu Jónsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 7. júní s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Sigrúnu Jónsdóttur skrifara, Skaftahlíð 12 hér í borg, fæddri 2. janúar 1916 í Reykjavík, „fyrir að aka mánudaginn 25. marz 1968 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 9961 frá Skaftahlíð 12 að Sunnubúðinni við veitingahúsið Lido og aftur þaðan að Skaftahlíð 12.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. sömu greinar laga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærða hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

- 1947 16/12 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1948 27/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1950 9/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1952 4/12 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt, svipt ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.
 1953 10/11 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
 1954 26/2 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar.
 1955 10/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr 73/1952.
 1956 20/4 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1959 21/8 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1961 7/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
 1965 12/4 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
 1967 31/7 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 26., 37. og 49. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svipt ökuleyfi frá 29/3 1967—31/7 1967.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málsatvik þessi:

Kl. 1755 mánudaginn 25. marz s.l. var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og tilkynnt, að ökumaður bifreiðarinnar R 9961 væri að fara af stað frá Sunnubúðinni við Lido og væri hann sennilega ölvaður. Bertram Möller lögreglumaður fór að svipast um eftir bifreiðinni og sá, að henni var ekið vestur Skaftahlíð. Var bifreiðin stöðvuð við húsið nr. 12 við þá götu. Lögreglumaðurinn hafði tal af stjórnanda bifreiðarinnar, og var það ákærða í máli þessu. Honum virtist hún vera undir áhrifum áfengis, og var hún því færð á lögreglustöðina. Þar viðurkenndi hún að hafa kvöldið áður drukkið um einn fjórða hluta rauðvínsflösku og svo frá því um kl. 1000 til 1730 þá um daginn axlafulla hvítvínsflösku. Öndunarprufa, sem tekin var af ákærðu, sýndi þriðja stig. Hún var færð á slysavarðstofuna, þar sem tekið var sýnishorn af blóði hennar. Fundust í því „reducerandi“ efni, er samsvara 1.58% af alkóhóli.

Fyrir dómi hefur ákærða skýrt frá því, að í þetta skipti hafi hún ekið bifreiðinni frá Skaftahlíð 12 að Sunnubúðinni við Lido og þaðan aftur að Skaftahlíð 12. Hafi hún talið, að áhrifin af neyzlu áfengisins væru þá þorrin. Hún hefur tekið fram, að hún neyti sterkra meðala vegna kölkunar og sé hugsanlegt, að það hafi haft áhrif á alkóhólmagnið í blóði hennar.

Hinn 25. marz s.l. var ákærða svipt ökuleyfi til bráðabirgða af lögreglunni í Reykjavík.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og framburði ákærðu um neyzlu áfengis fyrir akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti svo að öðru leyti með vísan til annarra gagna í málinu er sannað, að ákærða hefur gerzt sek um atferli það, sem í ákæru greinir og þar þykir rétt fært til refsíákvæða.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna og 24. gr., 1. mgr., áfengislaganna ber að svipta ákærðu ökuleyfi í 1 ár frá 25. marz s.l. að telja.

Ákærðu ber að greiða allan kostnað sakarinnar.

Mál þetta hefur dregizt nokkuð á langinn vegna sjúkrahúsvistar ákærðu.

Dómsorð:

Ákærða, Sigrún Jónsdóttir, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærða er svipt ökuleyfi í 1 ár frá 25. marz 1968 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.